

Opinbert tilboðsyfirlit
YFIRTÖKUTILBOÐ Í EXISTA HF.

1. INNGANGUR

Þann 8. desember 2008 skráði BBR ehf. sig fyrir nýju hlutafé í Exista hf. sem nam 50 milljörðum hluta. Í kjölfarið nam eignarhlutur BBR ehf. (77,9%) og Bakkabraedur Holding B.V. (10%) samtals 87,9% af heildarhlutafé Exista hf., en bæði félögin eru í eigu Lýðs Guðmundssonar og Ágústss Guðmundssonar. BBR ehf. ber því samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti að gera öðrum hluthöfum Exista hf. yfirtökutilboð, þ.e.a.s. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu.

Í samræmi við X. og XI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti gerir BBR ehf. öllum hluthöfum í Exista hf. yfirtökutilboð í hluti þeirra í félaginu, á grundvelli þeirra skilmála sem er að finna í tilboðsyfirliti þessu. Rétt er að taka fram að Bakkabraedur Holding B.V. eru ekki lengur eigendur að fyrrgreindum eignarhlut í Exista hf.

2. FÉLAGIÐ

Félagið sem yfirtökutilboðið varðar er Exista hf., kt. 610601-2350, Ármúla 3, 108 Reykjavík, <http://www.exista.is> (hér eftir nefnt "Exista").

- Exista starfar á sviði trygginga, eignaleigu og fjárfestinga og á að fullu eftirtalin fyrirtæki:
- VÍS er annað tveggja stærstu váttryggingafélagalandsins. Fyrirtækið stundar almenna tryggingastarfsemi og býður alhliða tryggingalausnir fyrir einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir.
- Lífís býður viðskiptavinum sínum líftryggingar og aðrar heilsutengdar tryggingar, svo sem sjúkdómatryggingar, söfnunarlíftryggingar og tekjutryggingar.
- Lýsing er leiðandi fyrirtæki í fjármögnun með eignaleigusamninga á Íslandi. Aðalstarfsemi Lýsingar hefur frá upphafi verið á sviði eignaleigu og fyrirtækið fjármagnar atvinnutæki, atvinnuhúsnæði og bifreiðar fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- Skipti er móðurfélag Símans, sem er í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði. Innan samstæðu Skipta eru einnig erlend fyrirtæki, m.a. Sirius IT sem er öflugt fyrirtæki á sviði tölvuþjónustu á Norðurlöndum.

Þann 10. október 2008 gerði Exista samning um sölu á 39,63% hlut sínum í Bakkavör með fyrirvara um samþykki lánveitenda. Bakkavör er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði framleiðslu matar sem sérhæfir sig í tilbúnum réttum. Bakkavör starfrækir 66 verksmiðjur með yfir 20.000 starfsfólk í 10 löndum. Félagið er skráð á aðalmarkað NASDAQ OMX ICELAND hf.

Auk þess á Exista hluti í nokkrum öðrum fyrirtækjum, m.a. rösklega helmings hlut í Öryggismiðstöðinni.

Hlutabréf Exista voru skráð á aðalmarkað NASDAQ OMX ICELAND hf. frá 15. september 2006 til 22. desember 2008. Rétt er þó að benda á að Exista er enn með skráð skuldabréf á aðalmarkaði NASDAQ OMX ICELAND. Á félaginu hvílir því viðvarandi upplýsingaskylda og er hægt að nálgast tilkynningar frá félaginu í gegnum fréttakerfi NASDAQ OMX ICELAND hf. (<http://nasdaqomxnordic.com/Frettir>), t.d. upplýsingar um uppgjör félagsins.

3. TILBOÐSGJAFI

BBR ehf., kt. 591108-0850, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

BBR ehf. er einkahlutafélag í eigu Lýðs Guðmundssonar og Ágústss Guðmundssonar og hefur ekki með höndum neina aðra starfsemi en að halda utan um hlutina í Exista.

BBR ehf. á nú samtals 77,9% af heildarhlutafé Exista. Á þeim degi sem tilboðsyfirlit þetta er sett fram hefur BBR ehf. ekki öðlast, hvorki beint né óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti, fleiri eignarhluti eða meiri atkvæðisrétt en að framan greinir. Ekki er um að ræða aðila í samstarfi við BBR ehf. vegna yfirtökutilboðsins né hefur BBR ehf. gert samning eða samkomulag við aðra hluthafa, starfsmenn eða stjórnendur Exista í tengslum við yfirtökutilboðið. Rétt er þó að taka fram að ófjárráða sonur Lýðs Guðmundssonar á óverulegan hlut í félaginu, eða 204 hluti. Jafnframt á Exista 3.099.696 eigin hluti.

BBR ehf. getur ekki lagt mat á það hversu marga hluti félagið mun eiga að loknu yfirtökutilboðinu. Eignist BBR ehf. hins vegar meira en 90% hlutafjár eða atkvæðisréttar í Exista í kjölfar yfirtökutilboðsins, áskilur BBR

ehf. sér rétt til að leggja til við stjórn Exista að aðrir hluthafar félagsins sem samþykktu ekki yfirtökutilboðið, sæti innlaun á hlutum sínum í samræmi við 1. mgr. 110. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ákveði BBR ehf. að beita þessum rétti mun tilkynning þess efnis verða send út með sama hætti og boðað er til hluthafafundar.

4. TILBOÐSHAFAR

Tilboðið nær til allra hluthafa Exista á þeim degi sem tilboðið er sett fram. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Exista við lok dags föstudaginn 3. apríl 2009, þegar skráin hefur verið uppfærð með tilliti til þess dags, munu fá sent tilboðsyfirlitið, samþykkis- og framsalseyðublað og svarsendingarumslag.

Einnig er hægt að nálgast framangreind gögn hjá BBR ehf. að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sem og í gegnum fréttakerfi NASDAQ OMX ICELAND hf. (<http://nasdaqomxnordic.com/Frettir>).

5. UMSJÓNARADILI

Umsjón með yfirtökutilboði þessu hefur LOGOS lögmansþjónusta og veitir nánari upplýsingar í síma 5 400 307.

LOGOS lögmansþjónusta hefur útbúið tilboðsyfirlit þetta á grundvelli upplýsinga frá BBR ehf. og opinberra upplýsinga. LOGOS lögmansþjónusta ber því ekki ábyrgð á þeim upplýsingum er fram koma í tilboðsyfirlitinu.

6. TILBOÐSVERÐ

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkt hafa á fjármálamörkuðum og þess að lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf Exista hf. frá 6. október 2008 allt þar til tilboðsskylda stofnaðist þann 8. desember 2008, fór BBR ehf. þess á leit við Fjármálaeftirlitið að félaginu yrði veitt undanþága frá ákvæðum verðbréfavíðskiptalaga um lágmarksverð í yfirtökutilboði. Fjármálaeftirlitið fékk sérfræðinga PricewaterhouseCoopers hf. til þess að framkvæma fyrir sína hönd verðmat á Exista hf. Miðaðist verðmatið við 4. desember 2008, sem er sú dagsetning sem verðmat BBR ehf. var miðað við vegna hlutfjárukningarinnar þann 8. desember 2008 þegar yfirtökuskylda BBR ehf. stofnaðist. Var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af framangreindu verðmati, að lágmarksverð í yfirtökutilboði þessu skyldi lækkað og vera að lágmarki 0,02 krónur á hlut. Nánari rökstuðning fyrir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins má finna á heimasíðu eftirlitsins (www.fme.is).

Með vísan til framangreinds er það verð sem hluthöfum Exista hf. er boðið fyrir hluti sína í yfirtökutilboði þessu 0,02 krónur fyrir hvern hlut, kvaða- og veðbandalausán. Samsvarar það því verði sem BBR ehf. greiddi fyrir hina nýju hluti í Exista hf., sem jafnframt er hæsta verð sem BBR ehf. og Bakkabraedur Holding B.V. hafa greitt fyrir hluti í Exista hf. á síðastliðnum 6 mánuðum.

7. SAMÞYKKI YFIRTÖKUTILBOÐS

Rétt er að áréttta að hluthöfum ber engin skylda til að samþykkja yfirtökutilboðið.

Hluthafar sem ákveða að selja hluti sína í Exista í samræmi við tilboð þetta skulu samþykkja tilboðið með því að skila rétt útfylltu samþykkis- og framsalseyðublaði, sem sent verður þeim, til LOGOS lögmansþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík fyrir kl. 16:00 þann 8. maí 2009 í svarsendingarumslagi, sem jafnframt verður sent hluthöfum.

Þegar rétt útfylltu samþykkis- og framsalseyðublaði hefur verið skilað til LOGOS lögmansþjónustu er kominn á bindandi samningur milli BBR ehf. og viðkomandi hluthafa. Er viðkomandi hluthafa frá þeim tíma óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Exista með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Samþykki yfirtökutilboðsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt fyrir viðkomandi hluthafa.

8. GREIÐSLA OG AFHENDING HLUTA

Greitt verður fyrir hina framseldu hluti í formi reiðufjár í íslenskum krónum inn á bankareikning hluthafa sem tilgreindur skal á samþykkis- og framsalseyðublaði. Hluthafar bera engan kostnað af samþykki yfirtökutilboðsins né framsali hluta af VS-reikningum þeirra.

Afhending hluta og greiðslur fyrir þá verða inntar af hendi eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að tilboðstímabili lýkur. Slíkt uppgjör er þó háð því að samþykkis- og framsalseyðublaðið hafi verið réttilega útfyllt og að hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir. Áður en uppgjör fer fram áskilur BBR ehf. sér rétt til að kanna sérstaklega hvort hlutir séu kvaða- og veðbandalausir og hvort uppgjör geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu.

Séu hlutir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur BBR ehf. sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggja ekki fyrir en áskilur sér þó rétt til að semja við viðeigandi réttihafa um afléttingu kvaðanna og/eða veðbandanna.

Atkvæðisréttur yfirkennna hluta flyst yfir til BBR ehf. þegar uppgjör og afhending þeirra hefur farið fram, sbr. framangreint, og BBR ehf. verið skráð eigandi hlutanna í hlutaskrá Exista.

9. RAFRÆN SKRÁNING

Þar sem hlutir í Exista eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er nauðsynlegt að hluthafar í Exista eigi VS-reikning hjá reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki sem hefur gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. eru slíkir reikningar stofnaðir hjá reikningsstofnunum/fjármálafyrirtækjum.

Í þeim tilvikum þar sem hluthafi í Exista er ekki með VS-reikning felur samþykki yfirtökutilboðs jafnframt í sér umboð til að stofna slíkan reikning. Er slíkt nauðsynlegt svo unnt verði að framselja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framsalsins. Viðkomandi VS-reikningur verður aðeins nýttur í framangreindum tilgangi og ber viðkomandi hluthafi í Exista engan kostnað af stofnun slíks VS-reiknings.

10. FJÁRMÖGNUN TILBOÐS

BBR ehf. fjármagnar yfirtöku á Exista með eigin fé félagsins.

Lýsing hf. ábyrgist reiðufjárgreiðslu BBR ehf. í samræmi við ákvæði 5. mgr. 103. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

11. TILBOÐSTÍMABIL

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9:00 þann 11. apríl 2009 til kl. 16:00 þann 8. maí 2009. Samþykki við yfirtökutilboðinu verður að hafa borist LOGOS lögmannsþjónustu eigi síðar en kl. 16:00 þann 8. maí 2009. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkis- og framsalseyðublaðið hafi borist til LOGOS lögmannsþjónustu. BBR ehf. áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkis- og framsalseyðublaðið sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verður tekin gild. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

12. FRAMTÍÐARÁÆTLANIR

BBR ehf. hefur engar fyrirætlunir um að gera verulegar breytingar á starfsemi Exista, þ.e. breytingar er krefjast breytinga á tilgangi félagsins samkvæmt samþykktum og störfum og starfsskilyrðum stjórnenda og starfsmanna félagsins. Hins vegar, eins og fram hefur komið í tilkynningu Exista til NASDAQ OMX ICELAND hf., þá á Exista í viðræðum við innlendar og erlendar fjármálastofnanir um endurskoðun lánasamninga og krafna þeirra á hendur félaginu, sem og um uppgjör gagnkvæmra krafna. Staða félagsins er óljós af þeim sökum og hyggst Exista leita samninga um frestun á greiðslu vaxta og afborgana á skuldbindingum félagsins sem koma til gjalddaga á meðan á viðræðum stendur. Getur BBR ehf. ekki útilokað að þær viðræður kunni að leiða til einhvers konar fjárhagslegrar endurskipulagningar á félaginu og viðeigandi breytingum á samþykktum félagsins. Ennfremur er ekki hægt að útiloka slíkar breytingar til að bregðast við breyttum aðstæðum. Engar fyrirhugaðar breytingar eru á fyrri áformum félagsins um hlutafjárukningu í formi forgangsréttarútbóðs til

hluthafa á þessu ári, sbr. tilkynningu Exista til NASDAQ OMX ICELAND hf. þann 8. desember 2008. Ekki er þó hægt að útiloka slíkar breytingar með vísan til framangreinds. Á þessari stundu eru engar fyrirætlanir uppi um veigamiklar yfirtökur eða sölu á eignum og áfram verður gætt aðhalds í rekstrarkostnaði. Tilboðsgjafi hefur ekki í hyggju meiriháttar ráðstöfun eigna félagsins eins og sakir standa.

BBR ehf. hefur ekki boðið stjórnendum eða stjórnarmönnum félagsins greiðslur eða endurgjald í öðru formi en því sem þeim er boðið sem hluthöfum samkvæmt yfirtökutilboðinu. BBR ehf. hyggst ekki leggja til verulegar breytingar á launastefnu gagnvart stjórnendum félagsins enda bjóði félagið á hverjum tíma samkeppnishæf laun og hlutdeild í hlutafé félagsins í samræmi við það sem eðlilegt getur talist fyrir stjórnendur fyrirtækja á borð við Exista.

Eins og áður hefur komið fram voru hlutabréf Exista tekin úr viðskiptum af aðalmarkað NASDAQ OMX ICELAND hf. eftir lokun viðskipta þann 22. desember 2008.

Þar sem BBR ehf. hefur ekki og hyggst ekki hafa með höndum neina aðra starfsemi en að halda utan um hlutina í Exista mun yfirtökutilboðið ekki hafa nein áhrif á BBR ehf.

13. UPPLÝSINGASKYLDA

Eins og áður hefur komið fram er Exista undir viðvarandi upplýsingaskyldu. Að neðan er að finna samantekt á upplýsingum sem Exista hefur birt í fréttakerfi NASDAQ OMX ICELAND hf. frá síðasta uppgjöri:

2009-03-01 22:01:48	Tilkynning varðandi skuldbindingar Exista
2009-01-22 10:33:30	Fjárhagsdagatal Birting ársreiknings 2008
2008-12-20 15:31:43	Yfirlýsing frá Exista í kjölfar ákvörðunar Kauphallar
2008-12-17 14:32:27	Kröfur Exista gagnvart íslenskum fjármálastofnunum
2008-12-15 21:17:07	Flöggun - 10 stærstu hluthafar Exista þann 15. desember 2008
2008-12-15 19:02:47	CORRECTION: Flöggun yfir 10% eignarhlut í Exista hf.
2008-12-12 19:55:57	Viðskipti innherja í Exista
2008-12-12 19:55:41	Viðskipti innherja í Exista
2008-12-12 18:25:08	CORRECTION: Flöggun yfir 10% eignarhlut í Exista hf.
2008-12-12 18:00:28	Flöggun yfir 10% eignarhlut í Exista hf.
2008-12-08 17:57:42	CORRECTION: - dagsetning viðskipta 8. desember 2008
2008-12-08 16:52:18	Yfirtökutilboð til hluthafa Exista hf.
2008-12-08 16:43:59	Viðskipti innherja - dagsetning viðskipta 8. desember 2008
2008-12-08 16:28:12	Flöggun - Kaup á hlutum í Exista hf.

14. HLUTAFÉ

Útgefið hlutafé í Exista er að nafnverði 64.174.767.632 krónur sem skiptast á jafnmarga einnar krónu hluti, þar af á Exista 3.099.696 eigin hluti. Við lok viðskiptadagsins 2. apríl 2009 voru skráðir hluthafar Exista 25.343 talsins og tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

Nr.	Hluthafi	Hluttur	Eignarhluttur
1.	BBR ehf.	50,000,000,000	77,91%
2.	Nýi Kaupþing banki hf.	6,734,168,801	10,4%
3.	Kísta-fjárfestingarfélag ehf.	732,832,526	1,14%
4.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	641,926,771	1,00%
5.	Arion Safnreikningur	641,336,066	1,00%
6.	Gíft fjárfestingarfélag ehf.	615,509,009	0,96%
7.	Castel (Luxembourg) SARL	579,101,094	0,90%
8.	Gildi-lífeyrissjóður	575,225,679	0,90%
9.	Singer and Friedlander Ltd.	560,000,000	0,87%
10.	Sparisjóður Rvk og nágrennis hf.	340,965,708	0,53%
	Samtals	61,421,065,654	95,71%
	Heildarhlutafé	64,174,767,632	100,0%

15. ERLENDIR HLUTHAFAR

Þessum kafla tilboðsýfirlitsins er sérstaklega beint að þeim hluthöfum Exista, sem eru erlendir ríkisborgarar, félög skráð erlendis eða íbúar utan Íslands eða sem halda hlutabréfum fyrir slíka aðila eða aðrir aðilar (þ.á.m. vörsluaðilar og fjárvörsluaðilar) sem kann að vera skylt að áframsenda skjal í tengslum við yfirtökutilboðið utan Íslands.

Nema BBR ehf. ákveði annað sérstaklega og slíkt sé heimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf, er tilboðinu ekki, og verður ekki, beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er (þ.á.m. tölvupósti, pósti, símbréfi, síma, Netinu eða annarri rafrænni miðlun), beint til aðila í lögsögu sem heimilar ekki að taka við tilboðinu samkvæmt viðeigandi löggjöf viðkomandi lögsögu og geta viðeigandi aðilar ekki samþykkt yfirtökutilboðið.

Afrit tilboðsýfirlitsins, samþykkis- og framsalseyðublaðs og önnur skjöl tengd yfirtökutilboðinu eru ekki, og verða ekki, beint eða óbeint, send til eða frá lögsögu ef slíkt fer gegn viðeigandi löggjöf í viðkomandi lögsögu. Ef samþykki yfirtökutilboðsins berst í umslagi merkt slíkri lögsögu eða BBR ehf. og umboðsmenn þess telja að það hafi verið sent frá slíkri lögsögu, er BBR ehf. heimilt að hafna því sem gildu samþykki tilboðsins. Aðgangur að yfirtökutilboðinu kann að vera takmarkaður fyrir þá hluthafa sem búa ekki á Íslandi, vegna þeirrar lögsögu sem þeir tilheyra. Ef hluthafar í Exista eru í vafa um ofangreint er þeim bent á að ráðfæra sig við óháðan aðila í viðkomandi lögsögu.

Erlendum hluthöfum Exista og hluthöfum búsettum erlendis er sérstaklega bent á að kynna sér lög um gjaldeyrismál nr. 87/2008, með síðari breytingum og reglur nr. 1130 settum á grundvelli laganna. Lögin og reglurnar má finna á heimasíðu Seðlabankans (<http://www.seðlabanki.is/?PageID=190>), en hluthöfunum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar vegna þeirra. Rétt er þó að taka fram að umrædd lög og reglur hafa ekki áhrif á heimild aðila til að taka yfirtökutilboði þessu, en geta hins vegar haft áhrif á möguleika hluthafa til að skipta andvirði bréfa sinna yfir í erlendan gjaldeyri. Erlendum hluthöfum er ennfremur bent á að leita sér skattaráðgjafar bæði hvað snertir íslenskan rétt sem og þann rétt sem þeir eru undirorpnir hverju sinni.

16. LÖG OG LÖGSAGA

Um tilboðsýfirlit þetta, samþykkis- og framsalseyðublaðið og alla samninga og samskipti milli BBR ehf., LOGOS lögmansþjónustu og hluthafa í tengslum við yfirtökutilboðið gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um efni yfirtökutilboðsins eða framkvæmd þess skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Fylgiskjöl

Samþykkis- og framsalseyðublað
Svarsendingarumslag

Reykjavík, 3. apríl 2009

LOGOS lögmansþjónusta

